

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	R L S	
Skýrslu gerir 9813 Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-00086	IV/59.1	
Staður og stund: Fimmtudagur 9. júní 2005 kl. 9:00 – Skrifstofa RLS, Skúlagötu 21, Reykjavík			
Sakarefni: Rannsókn á ætluðum brotum forráðam. Baugs hf. og skyldra félaga – Vöruveltan hf.			
Vitni: Valur Valsson	Kennitala: 110244-4799		
Starf/staða: Fyrirverandi bankastjóri Íslandsbanka hf.	Vinnusími:		
Lögheimili: Lágabergi 5, 111 Reykjavík	Sími: 555 4459/894 4459		
Dvalarstaður:	Sími:		

Valur Valsson er mættur til yfirheyrslu á skrifstofu Ríkislögreglustjórans samkvæmt boðun. Honum er kunnert um tilefni yfirheyrslunnar, sem er opinber rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna Baugs hf. og skyldra félaga í tengslum við kaup hlutafjár í Vöruveltunni hf. á árunum 1998 og 1999.

Valur nýtur réttarstöðu vitnis við rannsókn málsins samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Valur gegndi starfi bankastjóra hjá Íslandsbanka hf. á því tímabili sem ætluð brot eru talin hafa verið drýgð, en fyrir liggur að Íslandsbanki hf. hafði með einhverjum hætti aðkomu að fjármögnun kaupanna.

Val er kunngerð vitnaskyldan um að öllum sé skylt að mæta fyrir dóm í opinberu máli séu þeir til þess kvaddir, sbr. 1. mgr. 49. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Val er kunngerð vitnaábyrgðin sem er sú siðferðislega ábyrgð og refsíábyrgð sem hann kunni að baka sér með vísvitandi eða gáleysislega röngum framburði í skýrslu hjá lögreglu, sbr. 1. mgr. 59. gr. sömu laga. Val er kunnert að honum sé óskylt að svara spurningu að viðlagðri vitnaábyrgð ef ætla má að svar við henni feli í sér játningu eða hlutdeild hans eða venslamanna hans í refsiverðri háttsemi, sbr. 51. gr. laga nr. 19/1991. Enn fremur er brýnt fyrir Val að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kunni að skipta.

Aðspurður segir Valur að hann skilji þau ákvæði réttarfarslaga er honum hafa verið gjörð kunn.

Viðstaddur og þátttakandi í yfirheyrslunni er Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi. Yfirheyrslan fer þannig fram að skýrsla er rituð og skráð í tölvu. Spurningar og eftir atvikum gögn eru lögð fyrir Val og svör hans við þeim bókuð eftir honum í óbeinni ræðu.

U.U.

06307

Vöruveltan hf. – kaup á hlutabréfum**Samningur, dags. 10. nóvember 1998**

Sala annars vegar á 40 % hlut til stofnfjárfesta og hins vegar á 35 % hlut til Fjárfars ehf.

Val er sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar hins vegar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í félaginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998. Samkvæmt umræddum samningi gerðu Íslandsbanki annars vegar og Helga Gísladóttir og Eiríkur Sigurðssonar hins vegar sem eigendur að öllu hlutafé í Vöruveltunni hf., sem þá rak verslanir undir heitinu 10-11, samning um að selja allt að 75 % eignarhlut í félaginu. Enn fremur kom fram að stefnt yrði að selja eftirstandandi 25 % eignarhlut á komandi árum. Í samningum kom fram að af þeim 75 % sem selja átti yrði 35 % hlutur í félaginu seldur til Árna Samúelssonar, Heklu hf., Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. og Sævars Jónssonar, en þeir aðiljar kæmu til með að mynda með sér félag um þann eignarhlut. Fyrir liggur að þessi 35 % hluti var seldur til Fjárfars ehf. Samkvæmt samningnum var gengið út frá því að heildarverðmæti félagsins næmi um kr. 1.400.000.000. Samkvæmt samningum tók Íslandsbanki að sér fyrir hönd seljenda að ráðstafa eftirstandandi 40 % eignarhluta með þeim hætti að leita kaupenda í hópi fagfjárfesta fyrir um það bil 35 % og þá miðað við heildarverðmæti kr. 1.400.000.000. Fyrir liggur að sá eignarhlutur var seldur til Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankans hf. o. fl. Enn fremur kom fram að sá 5 % eignahlutur, sem eftir stóð, skyldi seldur við skráningu félagsins á Verðbréfaþingi Íslands.

- Skjal málsins nr. II/50.7

Valur er beðinn að gera grein fyrir þessum samningi.

Valur segir að upphaf þessa máls hafi verið að Björn Björnsson, staðgengill hans hjá Íslandsbanka, hafði samband við hann og kunnert sér um að Jóhannes Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson hefðu spurst fyrir um hvort Íslandsbanki hf. hefði áhuga á að hafa milligöngu um að leysa eigendur Vöruveltunnar hf., þau Eirík Sigurðsson og Helgu Gísladóttur, undan eignarhaldi í félaginu. Valur segir að hann hafi verið staddur erlendis þegar Björn hafi haft samband við hann í umrætt sinn.

Valur segir að ákveðið hafi verið að boða til fundar vegna málsins. Valur segir að í framhaldi af því hafi hann, Björn og Guðmundur Tómasson hitt Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggva Jónsson á fundi í Íslandsbanka hf. þar sem þessi hugmynd hafi verið rædd. Valur segir að í kjölfar þessa fundar hafi verið ákveðið að setjast niður og ræða málið frekar, en samkvæmt því sem hann best muni hafi Guðmundi Tómassyni verið falið að vinna málið fyrir hönd Íslandsbanka. Valur segir að niðurstaða þeirrar umræðu hafi verið umræddur samningur, þ. e. eftir að áhættunefnd hefði samþykkt lánveitingar á grundvelli samningsins en á þeim tíma hafi allar ákvarðanir um slíkar lánveitingar verið teknar af áhættunefnd.

Valur segir að tvennt hafi þarna sérstaklega vakið áhuga hans og um leið Íslandsbanka. Annars vegar að Íslandsbanki hefði um nokkurt skeið haft áhuga á að fá Baug hf. í viðskipti við bankann, en Baugur hf. hafi þá verið stærsti aðili að íslenskum smásöllumarkaði. Hins vegar hafi forráðamenn Baugs hf. þarna haft milligöngu um að koma Vöruveltunni hf. í viðskipti, en nokkru áður hefði Eiríkur Sigurðsson og 10-11 slitið viðskiptum við Íslandsbanka hf. í hálfgerðu „fússi“. Valur segir að sökum þessara tveggja ástæðna hafi þetta þótt áhugaverður kostur. Jafnframt hafi verið áhugavert fyrir bankann að standa fyrir skráningu félagsins á markaði.

Valur segir að í viðræðum bankans við þá Jón Ásgeir og Tryggva hafi verið komið fram að allnokkrar hræringar hefðu átt sér stað á þessum markaði, þ. á m. áhugi KEA og Kaupfélags Árnesinga á að kaupa Vöruveltuna hf. Valur segir enn fremur að þegar málið hafi verið kynnt fyrir Íslandsbanka hf. hafi legið fyrir samningur milli Vöruveltunnar hf. og Aðfanga ehf. um innkaupasamstarf.

Valur er spurður við hverja Íslandsbanki hf. hafi átt samskipti við vegna gerð þessa samnings.

Valur segir að samkvæmt því sem hann best muni hafi þeir Guðmundur Tómasson og líklega Ívar Guðjónsson séð að mestu um þetta mál fyrir hönd Íslandsbanka hf. Valur segir að hann viti ekki betur en þeir hafi verið í mestum samskiptum við hjónin Eirík og Helgu. Valur segir enn fremur að samkvæmt því sem hann best muni hafi hins vegar Tryggvi Jónsson komið fram fyrir hönd Fjárfars ehf.

Valur er spurður hvort að Tryggvi Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson hafi komið fram sem umboðsmenn Eiríks Sigurðssonar og Helgu Gísladóttur.

Valur segir að það hafi ekki verið skilningur Íslandsbanka hf. að þeir Tryggvi og Jón Ásgeir væru umboðsmenn þeirra Helgu og Eiríks. Valur segir að eins og málið hafi verið kynnt þá hafi 10-11 verið komið „Baug-megin“ í samkeppninni vegna þess innkaupasamstarfs sem búið hafi verið að koma á milli Vöruveltunnar og Aðfanga. Valur segir að þessi nálgun á málinu, þ. e. að Baug-menn hafi haft milligöngu, hafi í raun ekki verið óeðlileg í ljósi fortíðarinnar, þ. e. hvernig Eiríkur hefði áður slitið viðskiptum við Íslandsbanka hf.

Val er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Guðmundar K. Tómassonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 6. júní 2005. Guðmundur var þá spurður hvort þeir Tryggvi Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson hefðu komið fram sem umboðsmenn Eiríks Sigurðssonar og Helgu Eiríksdóttur:

- Óskjalmerkt

Guðmundur segir að hann muni það ekki nákvæmlega. Guðmundur segir að hans skilningur hafi verið sá að þeir Jón Ásgeir og Tryggvi hafi komið fram á grundvelli samkomulags um samstarfs við Eirík og Helgu. Guðmundur segir að öðrum fremur hafi Grétar Haraldsson hafi gætt hagsmuna Eiríks.

Valur er spurður um afstöðu til þessa framburðar Guðmundar.

Valur segir að þessi framburður sé alveg í samræmi við hans upplifun af málinu. Valur segir að þarna hafi legið fyrir samningur Vöruveltunnar og Aðfanga og enn fremur hafi þarna verið um þreifingar að ræða um útgöngu þeirra hjóna út úr þessum rekstri.

Val er sýnt afrit af lánabeiðnum Fjárfars og Eiríks Sigurðssonar hjá Íslandsbanka vegna kaupa á hlutum í Vöruveltunni, dags. 16. nóvember 1998; afrit af tveimur lánstilboðum að fjárhæð kr. 451.000.000 vegna lánasamninga Fjárfars ehf. og Íslandsbanka hf., dags. 16. nóvember 1998; afrit af lánasamningi milli Íslandsbanka hf. og Fjárfars ehf. vegna láns að fjárhæð kr. 451.000.000, dags. 16. nóvember 1998 og afrit af almennum skilmálum fyrir lán frá Íslandsbanka hf. ásamt viðaukum 1, 2. og 3 (handveðyfirlýsingu Fjárfars ehf. vegna handveðsetningu hlutabréfa), dags. 16. september 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.5.1, II/50.5.2, II/50.5.3, II/50.5.4, II/50.5.5, II/50.5.6 og II/50.5.7

Val er sérstaklega sýnt afrit af almennum skilmálum fyrir lán frá Íslandsbanka hf. ásamt viðaukum 1, 2. og 3 (handveðyfirlýsingu Fjárfars ehf. vegna handveðsetningu hlutabréfa), dags. 16. september 1998. Samkvæmt viðauka 1 segir meðal annars eftirfarandi:

- Skjöl málsins nr. II/50.5.4

Fjárfar ehf. er nýstofnað fyrirtæki. Félagið er stofnað af Heklu hf. og Sævari Jónssyni. Á næstu dögum munu ganga til liðs við félagið Tryggingarmiðstöðin og Árni Samúelsson. Þessi aðilar hafa ákveðið að kaupa 35 % eignarhlut í Vöruveltunni hf. . . .

Valur er beðinn að gera grein fyrir Fjárfari ehf., þ. e. hvort Íslandsbanka hafi verið kunnugt um eignarhald og hver hafi komið fram fyrir hönd félagsins.

Valur segir að hann hafi aldrei átt nein samskipti við neinn hjá Fjárfari vegna þessa máls. Hins vegar segir Valur að samkvæmt því sem hann best muni hafi eingöngu tveir aðilar verið komnir inn í félagið

þegar lánið var veitt, en það hefðu verið þeir Sigfús Sigfússon og Sævar Jónsson. Valur segir að um hafi verið að ræða tvo fjársterka aðilja og hafi af þeim sökum áhætta bankans ekki verið mikil. Valur segir enn fremur hafi Íslandsbanki hf. tekið veð í drjúgum hluta hlutabréfa í Vöruveltunni hf. vegna þessarar lánveitingar.

Val er sérstaklega sýnt afrit af útprentun frá Íslandsbanka með yfirskriftinni „Uppgjör v/sölu á 40% eignarhlut í Vöruveltunni hf. sbr. samning milli aðila frá 10. nóvember 1998“, dags. í Reykjavík 4. desember 1998. Samkvæmt umræddu skjali hefur greiðsla að fjárhæð kr. 350.000.000 verið fjármögnuð með bráðabirgðaláni að fjárhæð kr. 351.777.778 þeirra Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar, sbr. skjal málsins nr. II/50.5.1 (bls. 2 og 3), en umrædd 40 % hafi síðan verið seld til stofnfjárfesta og í dreifðri sölu fyrir heildarandvirði 547.500.000 (35 % hlutur á kr. 490.000.000).

- Skjal málsins nr. II/50.7.1 og II/50.5.1

Valur er spurður hvort gerður hafi verið sérstakur kaupsamningur milli Íslandsbanka hf. og Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankans hf. um sölu á 35 % eignarhlut Vöruveltunnar hf.

Valur segir að hann muni ekki til þess að hafa séð þann samning, en sá samningur hafi þá verið milli Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankans hf. og Vöruveltunnar hf. – með milligöngu Íslandsbanka hf.

Valur er beðinn að gera grein fyrir þessu „brúarláni“ sem Eiríkur hafi þarna tekið hjá Íslandsbanka hf.

Valur segir að hann muni ekki til þess að gefin hafi verið sérstök skýring á því, en í raun hafi það ekki þótt óeðlilegt, sérstaklega ekki í ljósi þess að eðli viðskipta af þessu tagi séu oft þannig að í raun sé búið að ráðstafa fjármunum fyrirfram.

Val er sýnt afrit af bréfi Björns Björnssonar og Guðmundar Kr. Tómassonar hjá Íslandsbanka til skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna skattrannsóknar á Fjárfari ehf., dags. 25. júní 2004. Í umræddu bréfi er samskiptum Íslandsbanka við Jón Ásgeir Jóhannesson, Tryggva Jónsson og Jóhannesar Jónssonar lýst.

- Skjal málsins nr. II/50.7.2

Valur er beðinn að gera grein fyrir þessum samskiptum sem í bréfinu er lýst og enn fremur spurður hvort til séu einhver minnisblöð, fundargerðir eða þess háttar um þessi samskipti.

Valur segir að þetta sé í samræmi við það sem hann hafi áður lýst. Hins vegar segir Valur að hann minnst þess ekki að nokkur minnisblöð, fundargerðir eða þess háttar hafi verið gerðar vegna þessara samskipta.

Val er sérstaklega kynntur eftirfarandi framburður úr skýrslu Grétars Haraldssonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 4. júní 2005. Grétar var þá spurður hvort hann hefði þekkt til samnings frá 10. nóvember 1998:

- Óskjalmerkt

Grétar segir að þessi samningur sé byggður á samkomulagi milli Jóns Ásgeirs og Íslandsbanka hf. og að þau Eiríkur og Helga hafi verið fengin til að koma fram líkt og þau væru enn eigendur Vöruveltunnar hf. og því ritað undir pappíra þar að lútandi. Grétar segir að tilgangur þessa samnings hafi verið sá að standa skil á 800 milljónum króna greiðslu til Helgu og Eiríks. Grétar segir að hann hafi enga aðkomu haft að gerð þessa samnings.

Valur er spurður um afstöðu til þessa framburðar.

Valur segir að honum hafi algjörlega verið ókunnugt um að umræddur samningur hafi verið milli Jóns Ásgeirs og Íslandsbanka hf., enda hafi þau Helga og Eiríkur ritað undir hann. Valur segir að það sé honum algjörlega ókunnugt að þau Helga og Eiríkur hafi verið fengin til að koma fram líkt og þau væru

enn eigendur Vöruveltunnar hf. Valur segir að skilningur Íslandsbanka hf. hafi ávallt verið sá að Helga og Eiríkur væru eigendur Vöruveltunnar.

Samstarfssamningur, dags. 27. apríl 1999, ásamt fylgigögnum

Val er sýnt afrit af samstarfssamningi Kaupþings hf.; Íslandsbanka hf.; Fjárfars ehf.; Litla fasteignafélagsins ehf.; Eiríks Sigurðssonar og Helgu Gísladóttur; 10-11 og Vöruveltunnar hf. um kaup og sölu á 35 % eignarhlut í Vöruveltunni hf., dags. 27. apríl 1999. Samkvæmt umræddum samningi keypti Íslandsbanki 35 % eignarhluta Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankans hf. og seldi samtímis hluta þeirra bréfa til Kaupþings hf. og Fjárfars ehf. Samkvæmt samningnum skyldi skipting milli kaupanda vera eftirfarandi:

- Skjal málsins nr. II/50.8

Íslandsbanki hf.	200.000.000	- tvö hundruð milljónir -	(12,4%)
Kaupþing hf.	200.000.000	- tvö hundruð milljónir -	(12,4%)
Fjárfar hf.	163.500.000	- eitt hundrað sextíu og þrjú milljónir og fimm hundruð þúsund 00/100	-(10,2%)

Valur er beðinn að gera grein fyrir þessum samningi.

Valur segir að hann muni ekki sérstaklega eftir þessum samningi. Hins vegar hafi verið ákveðið að kaupa þennan eignarhluta til baka frá Eignarhaldsfélaginu Alþýðubankanum (EFA) þar sem EFA hafi verið óánægt með þessi viðskipti í upphafi sökum þess að afkoma Vöruveltunnar hf. reyndist lakari en stefnt hafði verið að. Valur segir að Íslandsbanki hf. hafi ákveðið að kaupa þennan hlut, þá ekki síst vegna þess að EFA hafi verið góður viðskiptavinur og hluthafi í Íslandsbanka og bankinn viljað hafa við hann gott samstarf, en enn fremur hafi legið fyrir áhugi Kaupþings hf. að fjárfesta í þessum eignarhlut. Valur segir að samkvæmt því sem hann best muni hafi á þessum tíma verið uppi á borðinu áhugi Baugs hf. á að kaupa hlut í Vöruveltunni.

Val er sýnt afrit af minnisblaði vegna flutnings Baugs hf. í bankaviðskipti við Íslandsbanka og fl., dags. 10. júní 1999. Samkvæmt umræddu minnisblaði kemur eftirfarandi fram í 6. efnislið:

- Skjal málsins nr. II/50.14.3

Íslandsbanki keypti hlutabréf fyrir 200 m. kr. í Vöruveltunni þann 11. maí sl. Í stað hlutabréfa í Vöruveltunni fær bankinn hlutabréf að nafnvirði 17,5 m. kr. í Baugi. . . .

Valur er spurður hvort þetta hafi gengið eftir.

Valur segir að hann muni ekki betur en að Íslandsbanki hf. hafi fengið þessi bréf.

Valur er spurður hvert markaðsvirði umræddra hlutabréfi hafi verið.

Valur segir að hann muni það ekki, en Íslandsbanki hf. hafi alltént ekki komið út úr þessum viðskiptum með tapi.

Kaupsamningur, dags. 7. október 1998

Val er sýnt afrit af kaupsamningi vegna kaupa á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. kt. 511091-1369, að nafnvirði 4.600.000,- króna, dags. 7. október 1998. Samkvæmt umræddum samningi gerðu seljandi, Helga Gísladóttir kt. 170857-2089 fyrir sína hönd og/eða hlutafélags sem eigenda 100% hlutafjár í

Vöruveltunni hf. og umboðsmaður kaupanda, Jón Ásgeir Jóhannesson kt. 270168-4509, með sér samning um kaup á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. Kaupsamningurinn er undirritaður af Helgu Gísladóttur, Eiríki Sigurðssyni og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og vottaður af Grétari Haraldssyni kt. 060335-7299, hæstaréttarlögmanni og Ragnari Tómassyni kt. 300139-7019, lögfræðingi. Umsamið kaupverð alls hlutafjárins var sagt vera kr. 1.150.000.000,- og skyldi greiðast eftirfarandi:

- Skjal málsins nr. II/50.2

1. Hinn 8. október 1998	kr.	200.000.000,-
2. Hinn 5. nóvember 1998	kr.	800.000.000,-
3. Með víxli pr. 1. 3. 1999 (verðbætur gerðar upp sér)	kr.	150.000.000,-

	Kr.	1.150.000.000,-

Valur er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um þennan samning.

Valur segir að honum hafi ekki verið kunnugt um þennan samning og sé að sjá hann í fyrsta skipti nú.

Val er sérstaklega kynntur eftirfarandi framburður úr skýrslu Grétars Haraldssonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 4. júní 2005. Grétar var þá spurður hvort hann hefði vitað til þess að Íslandsbanka hafi verið kunnugt um samning Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar annars vegar og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar hins vegar um kaup alls hlutafjár í Vöruveltunni hf., dags. 7. október 1998:

- Óskjalmerkt

Grétar segir að hann sé sannfærður um að æðstu stjórnendur Íslandsbanka hafi haft vitneskju um samninginn frá 7. október 1998. Grétar segir enn fremur að hann sé sannfærður um að Íslandsbanki hafi haft vitneskju um að þeir hafi í raun verið í viðskiptum við Jón Ásgeir en ekki Helgu og Eirík.

Valur er spurður um afstöðu til þessa framburðar Grétars.

Valur segir að þetta sé greinilega skoðun Grétars, en hann vilji áréttta að honum hafi ekki verið kunnugt um þennan samning.

Val er sérstaklega kynntur eftirfarandi framburður úr skýrslu Grétars Haraldssonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 4. júní 2005. Grétar var þá spurður hann hefði átt samskipti við einhverja hjá Íslandsbanka vegna þessa máls:

- Óskjalmerkt

Grétar segir að hann hafi hitt þá Björn Björnsson og Guðmund Tómasson á fundum í bankanum vegna þessa máls, þá með Eiríki og Helgu. Grétar segir að samkvæmt því sem hann best muni hafi Tryggvi Jónsson verið á þeim fundum. Grétar segir enn fremur að enginn vafi hafi verið á því að þau Helga og Eiríkur hafi aldrei mætt eða komið fram sem raunverulegir eigendur Vöruveltunnar hf. gagnvart Íslandsbanka. Grétar segir að af þeim augljósu ástæðum hafi æðstu stjórnendum bankans verið kunnugt um samninginn frá 7. október 1998 og að raunverulegur eigandi hafi verið Jón Ásgeir.

Valur er spurður um afstöðu til þessa framburðar Grétars.

Valur segir að hann vilji enn áréttta að honum hafi ekki verið kunnugt um þennan samning.

Valur er spurður hver eða hverjir innan Íslandsbanka hafi komið mest að umræddu máli og geti gefið hvað bestar upplýsingar um málsatvik.

Valur segir að hann telji að Guðmundur Tómasson hafi unnið mest að þessu fyrir hönd bankans, þ. e. í samningum við Tryggva Jónsson og Eirík Sigurðsson. Enn fremur hafi Björn Björnsson hafi talsverða aðkomu að málum.

Valur er spurður að lokum hvort hann vilji taka eitthvað sérstaklega fram eða koma á framfæri einhverjum ábendingum eða athugasemdum.

Valur segir að hann vilji taka sérstaklega fram að þetta komi honum mjög á óvart að sjá hvernig málið sé í pottinn búið og sé honum í raun nokkuð brugðið, því samkvæmt gögnum málsins hafi Íslandsbanki ekki verið upplýstur um allt sem varðaði málið.

Valur hefur lesið skýrsluna yfir. Hann telur skýrsluna rétt bókaða og engu við að bæta.

Yfirheyrslu og yfirllestri skýrslu lokið fimmtudaginn 9. júní 2005 kl. 12:20

Yfirlesnið staðfest rétt

Valur Valsson

Skýrslu gerir

Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi

Viðstaddur og þátttakandi við yfirheyrslu

Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi